

Nr. 35/1992. Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Ármann Ægir Magnússon

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Róbert Benediktssyni og

Guðjóni Jónssyni

persónulega og f. h.

R. Benediktsson sf.

og Tryggingu hf. til réttargæslu

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Skaðabætur. Vinnuslys. Örorka. Miski. Sakarskipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1992. Krefst hann þess, að stefndu verði gert in solidum að greiða sér 4.331.180 krónur með sömu vöxtum og raktir eru í kröfu-gerð sinni fyrir héraðsdómi fyrir tímabilið frá 10. september 1980 til 15. apríl 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og hann hefði ekki notið gjafsóknar fyrir héraðsdómi.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mál þetta varðar kröfu áfrýjanda um bætur fyrir líkamstjón af slysi, sem hann varð fyrir 10. september 1980 í fjölbýlishúsi við Háengi á Selfossi, sem þá var í byggingu á vegum stefnda R. Benediktssonar sf., en stefndu Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson voru þá sameigendur að því fyrirtæki, og stjórnaði hinn fyrrnefndi framkvæmdum við bygginguna. Var málið höfðað á bæjarþingi Sel-

foss með stefnu, birtri 28. og 30. ágúst 1990, á hendur þessum aðilum og 7. september sama ár á hendur réttargæslustefnda, en þingfest 19. september sama ár.

Atvikum að slysinu er lýst í meginatriðum í hinum áfrýjaða dómi. Gerðist það, þegar steinsteyptur stigi upp á efstu hæð hússins brast undan áfrýjanda, svo að hann féll niður á kjallaragólf. Áfrýjandi hafði áður orðið var við tvær sprungur í stiganum, er náðu yfir hann þveran, og var öðrum starfsmönnum við bygginguna einnig kunnugt um þær. Að sögn stefnda Róberts hafði stiginn verið steypur 31. júlí 1980, en settur upp í síðustu viku ágústmánaðar. Hann telur það svo hafa verið 2. september, að áfrýjandi benti honum á umræddar sprungur.

Lögreglurannsókn fór fram vegna slyssins, en ekki verður séð, hvort Vinnueftirlit ríkisins hafi um það fjallað. Orsakir þess og atvik að gerð stigans hafa ekki verið skýrð til hlítar, en telja má fullsannað, að stiginn hafi einkum brostið vegna þess, að járnalögn í mót fyrir honum hafi raskast, þegar steypu var hellt í mótið. Hafi burðargrindin færst eða svignað inn í mótið og þannig lagst nærri kverkum stigapreppanna í stað þess að liggja við neðra borð stigans. Verður við það að miða, að þessi missmíð sé frumorsök slyssins, og styðst það meðal annars við umsagnir Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Stefndi Róbert, sem var trésmíðameistari, bar ábyrgð á byggingu hússins, en hún hafði verið leyfð, án þess að múrarameisteri væri skráður aðili að henni. Stjórnaði Róbert uppsteypu hússins, án þess að múrarar kæmu að því verki, og sáu þeir eingöngu um múrhúðun. Það voru ófaglærðir starfsmenn stefndu, sem önnuðust járnabindingu og steypu stigans. Unnu hinir reyndari þeirra tiltölulega sjálfstætt, og er ekki á því byggt af hálfu stefndu, að áfrýjandi hafi gegnt stöðu verkstjóra yfir þeim. Hins vegar kveðst stefndi Róbert hafa treyst mjög á áfrýjanda, sem var lærður trésmíður, um eftirlit á staðnum í fjarveru sinni, en hann var bundinn við framkvæmdir annars staðar um það leyti, er slysið varð.

Þegar áfrýjandi varð var við sprungurnar, var settur upp tréstigi, sem hægt var að ganga við hlið steyptra stigans, en ráðstafanir til að styrkja hann voru ekki gerðar. Ljóst er af skýrslum starfsmanna, að þeir gengu steyptra stigann í einhverjum mæli eftir sem áður. Kveðst

meistari sá, er annaðist múrhúðun, hafa verið meðal þeirra, sem þetta gerðu, en hann hafði byrjað störf á efstu hæð hússins skömmu fyrir slysið. Ráða má af frásögn vitnisins Sigbórs Haraldssonar, að hann hafi farið stigann á undan áfrýjanda, þegar hann brast á leið þeirra ofan af húspakinu.

Sýnt er af gögnum málsins, að missmíðin á umræddum stiga var að öllu leyti á ábyrgð stefndu, og verður að rekja hana til vangæslu af þeirra hálfu. Það var skylda byggingarstjórans að ganga úr skugga um hættuna af stiganum og gera viðhlítandi ráðstafanir til að verjast henni. Átti hann meðal annars að verða þess var, að starfsmenn hans gerðu sér ekki næga grein fyrir því, að stiginn væri ónothæfur. Telja verður, að hann hafi brugðist þessum skyldum, þar sem ekki verður séð, að hann hafi bannað umferð um stigann með ótvíræðum hætti, svo sem til mátti ætlast og honum var í lófa lagið. Jafnframt verður ekki séð, að hann hafi gefið áfrýjanda skýr eða fullnægjandi fyrirmæli um að styrkja stigann, og bar hann ábyrgð á því, að ekkert var að gert í því efni. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að stefndu beri skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda af völdum slyssins.

Áfrýjandi hefur ekki getað gert sér fulla grein fyrir aðdraganda slyssins, og styður hann frásögn sína af því við frásagnir vinnufélaga sinna. Hann dregur í efa, að hann hafi ætlað að prófa styrk stigans í þetta sinn. Vitnið Sigbór Haraldsson telur, að svo hafi verið, en tekur fram, að það hafi ekki séð til athafna hans. Hvað sem því líður, er ekki unnt að fullyrða, að ferð áfrýjanda um stigann hafi verið að erindislausu. Eigi að síður mátti honum vera fullljóst, að honum væri hætta búin í stiganum, svo að tjón gæti hlotist af. Á hann því sjálfur sök á slysinu að verulegu leyti. Er rétt eftir atvikum, að áfrýjandi beri ábyrgð vegna slyssins að hálfu, en vinnuveitandi hans að hálfu.

II.

Áfrýjandi meiddist mjög í slysinu, meðal annars af höfuðhöggi. Afleiðingar þess telur hann einkum þær, að hann sé haldinn þrálátum og slæmum höfuðverk, sem hái honum varanlega. Hafi bót ekki fengist á honum þrátt fyrir ýtrustu rannsóknir og endurteknar skurðaðgerðir. Afleiðingum slyssins að þessu leyti er lýst í læknis-

vottorðum frá 1983 og 1989, sem rakin eru í héraðsdómi. Var miðað við þessi vottorð, þegar örorka áfrýjanda var metin í síðara sinn, ásamt vottorði 26. júní 1989 frá Þóri Ragnarssyni heila- og tauga-skurðlækni. Björn Ölundarson tryggingayfirlæknir gekk frá því mati 30. júní 1989 eftir skoðun á áfrýjanda. Eru meginniðurstöður hans á þessa leið:

„Hér er þannig um rúmlega þrjátíu og sjö ára gamlan trésmið að ræða, sem varð fyrir miklu höfuðhöggi, er hann féll niður þrjár hæðir í fjölbýlishúsi, þar sem hann var að vinna sem trésmiður. Slasaði rotaðist og var meðvitundarlaus í nokkrar klukkustundir og með skert minni í heilan sólarhring.

Slasaði hefur frá upphafi haft verulegan höfuðverk, en sá höfuðverkur hefur versnað mjög í seinni tíð og hefur fundist ákveðin organísk lesio fyrir honum, sem talin er bein afleiðing af nefndu slysi. Verra er þó, að hér er um expansivan vöxt að ræða, sem á komandi tíð mun valda því, að slasaði verður stöðugt að vera undir lækni-shendi og vart hægt að búast við mikilli starfsgetu hér eftir. . . .

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir því eðlilegt að endurmeta nú þá örorku sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir sú örorka hæfilega metin sem hér segir:

Í fjóra mánuði	100%
Í fimm mánuði	75%
Varanleg örorka	50%“

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram nýtt vottorð Grétars Guðmundssonar taugalæknis frá 9. febrúar 1995. Segir þar meðal annars, að með bættri tækni við myndrænar rannsóknir á áratugnum eftir slysið hafi komið í ljós eyðing í beini í botni höfuðkúpu áfrýjanda hægra megin og æxlisvöxtur þar. Hafi skemmd þessi farið vaxandi smám saman, en tekist hafi þó að halda aftur af henni með fjórum skurðaðgerðum, sem áfrýjandi hafi gengist undir. Virðist greinilegt, að höfuðhögg áfrýjanda hafi komið meininu af stað. Vegna þess hafi áfrýjandi verið haldinn höfuðverkjum, sem reynt hafi verið að meðhöndla með lyfjum, endurhæfingu og öðrum úrræðum, þar á meðal hvíld frá störfum. Árangurinn hafi þó verið takmarkaður, og sé vinnugeta áfrýjanda alvarlega skert, einkum þar sem hann sé ófær um að sinna erfiðisvinnu óslitið.

Eins og um getur í þessum vottorðum, reyndist erfiðleikum bundið að finna tæmandi skýringu á því meini áfrýjanda, sem hrjáði hann eftir slysið, og jafnframt var óvíst lengi vel, hvaða bót mætti á því ráða. Við ítrekaðar rannsóknir telja lækarnir það hafa komið æ betur í ljós, að meinið sé af völdum höfuðáverka, er hann hafi hlotið í slysinu. Styðja vottorð þeirra eindregið þá niðurstöðu trygginga-yfirlæknis, að rekja verði meinið til slyssins, og mati hans á örorku áfrýjanda hefur ekki verið hnekk. Á grundvelli þessara upplýsinga verður að telja nægilega sannað, að heilsubrestur áfrýjanda og þessi örorka hans séu afleiðing af slysinu.

III.

Áfrýjandi virðist fyrst hafa gert tilkall til skaðabóta fyrir slysið í bréfum til réttargæslustefnda á árunum 1983 og 1984, en örorka hans var fyrst metin 18. apríl 1983 og þá lægri en síðar. Bréfum þessum var ekki svarað skriflega, en gefið var til kynna af hálfu félagsins, að um væri að ræða eigin sök. Erindið var ítrekað með bréfum 1986 og 1987 og þar tekið fram, að áfrýjandi teldi þörf á nýju örorkumati. Var félaginu síðast ritað bréf í september 1989, þegar það mat lá fyrir. Í bréfi 12. desember 1989 lýsti félagið yfir, að það myndi ekki greiða áfrýjanda bæt看 úr frjálsri ábyrgðartryggingu, þar sem slík váttrygging fyrir vinnuveitanda hans hefði ekki verið í gildi á slysdegi. Jafnframt taldi félagið, að ekki yrði séð, að vinnuveitandinn bæri fébótaábyrgð á slysinu, þar sem rekja bæri það til athafna áfrýjanda sjálfs. Höfðaði áfrýjandi mál þetta að fengnu þessu svari, eftir að hann hafði kynnt stefndu kröfugerð sína. Með hliðsjón af sjúkrasögu áfrýjanda og öðrum atvikum verður að telja, að hann hafi ekki glatað bótarétti sínum fyrir tómlætis sakir.

IV.

Endanleg krafa áfrýjanda um bæt看 fyrir fjártjón vegna slyssins nemur 3.631.180 krónum að höfuðstól, en miskabótakrafa 700.000 krónum. Er hin fyrrnefnda einskorðuð við varanlega örorku áfrýjanda og studd líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar trygginga-stærðfræðings, sem gerður var 15. mars 1990. Er áætlun um tekjur áfrýjanda þar miðuð við meðaltekjur iðnaðarmanna, þar sem hann hafði aðeins unnið skamman tíma hérlendis að iðn sinni, þegar slys-

ið varð, en hann var þá 28 ára að aldri. Á þeim grundvelli eru óskertar árstekjur hans 1990 og síðan áætlaðar 1.344.200 krónur og árlegt tekjutap 672.100 krónur í samræmi við fyrrgreint örorkustig. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku miðað við slysdag er áætlað 4.006.000 krónur. Er krafa áfrýjanda miðuð við þá fjárhæð að teknu tilliti til slysdagsverðmætis þeirra bóta, sem honum hafa verið tryggðar með öðrum hætti, en það er örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt eingreiðslum örorkubóta úr lögmælti slysatryggingu og sammingsbundinni slysatryggingu, sem vinnuveitandi hans hafði keypt hjá réttargæslustefnda. Er krafan sundurliðuð þannig:

Tjón af varanlegri örorku	kr. 4.006.000
– Verðmæti örorkulífeyris	kr. 208.500
– Slysabætur frá Tryggingastofnun	kr. 42.700
– Bætur frá Tryggingu hf.	kr. 123.620
Samtals	kr. 3.631.180

Um hagi áfrýjanda liggur það fyrir, að hann hvarf frá almennum störfum að húsasmíði fljótlega eftir slysið og hefur ekki aflað sér meistararéttinda. Tókst honum að fá fast starf sem umsjónarmaður orlofsbúða í nágrenni Selfoss, og hafa tekjur hans af því verið áþekkar þeim meðaltekjum, sem fyrr getur. Tekjutap hans til þessa er því ekki mikið, en hann hefur þó búið við skert aflahæfi jafnframt því, sem óvissa er um framtíð hans. Með hliðsjón af þessu og líkindareikningnum ásamt hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi bóta telst óbætt tjón áfrýjanda vegna örorku af völdum slyssins hæfilega metið 2.400.000 krónur.

Miski áfrýjanda vegna slyssins er alvarlegur, og þykja bætur vegna hans hæfilega ákveðnar 350.000 krónur miðað við slysdag.

Samkvæmt þessu verður stefndu gert að greiða áfrýjanda óskipt helming hérgreindra bótafjárhæða, samtals 1.375.000 krónur. Ber að gjalda þær með vöxtum frá 30. ágúst 1986 til greiðsludags, eins og nánar segir í dómsorði, en eldri vextir eru fyrndir.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda í héraði á að vera óraskað.

Rétt er, að stefndu greiði áfrýjanda óskipt samtals 600.000 krónur

í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð renni 235.647 krónur í ríkissjóð vegna gjafsóknarkostnaðar í héraði, og er virðisaukaskattur af gjafsóknarlaunum innifalinn. Að öðru leyti hefur ekki verið tekið tillit til þess skatts.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson persónulega og vegna fyrrum sameignarfélags þeirra, R. Benediktssonar sf., greiði áfrýjanda, Ármanni Ægi Magnússyni, in solidum 1.375.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 30. ágúst 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar sama ár, 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár og vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 19. september 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað í héraði á að vera óraskað.

Stefndu greiði in solidum 235.647 krónur í ríkissjóð vegna málskostnaðar í héraði.

Stefndu greiði áfrýjanda in solidum 364.353 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Selfoss 6. desember 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Ármanni Ægi Magnússyni, kt. 190552-3659, Lyngheiði 24, Hveragerði, gegn Róbert Benediktssyni, kt. 280144-3209, Smyrlahrauni 33, Hafnarfirði, og Guðjóni Jónssyni, kt. 160551-5779, Engjavegi 14, Selfossi, persónulega og f. h. afskráðs sameignarfélags þeirra, R. Benediktssonar sf., og Tryggingu hf. til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu, Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson, persónulega og f. h. R. Benediktssonar sf., verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 7.000.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefnandi gerir ekki kröfu á hendur réttargæslustefnda, Tryggingu hf.

Stefndu Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson gera þá dómkröfu, að

þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, enda engum kröfum að honum beint.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau, að 10. september 1980 varð stefnandi fyrir slysi, þar sem hann var að vinna sem trésmiður við smíði fjölbýlishúss við Háengi á Selfossi. Umrætt fjölbýlishús er á þremur hæðum með jafnmörgum samfelldum stigahúsum. Tveir stigar eru á milli hæða. Stigar í hvert stigahús voru forsteyptir. Ligga þeir í falsi að ofan og neðan, en eru ekki festir að öðru leyti. Stuttu eftir uppsetningu stiga í einu stigahúsinu, en íbúðir við þann stigagang teljast vera númer 2 við Háengi, varð stefnandi var við tvær sprungur í efsta stiganum, sem náðu yfir stigann þveran. Segir í stefnu, að stiginn hafi verið skoðaður og ráðgert hafi verið að setja undir hann stoðir. Síðan skyldi stiginn brotinn niður og annar steypur í hans stað. Þessu hafði ekki verið komið í kring, er stefnandi varð fyrir umræddu slysi.

Stefnandi lýsir tildrögum slyssins svo, að hann hafi ásamt einum starfsmanni stefndu, Sigþóri Haraldssyni, verið að vinna við smíðar á þaki fjölbýlishússins. Er þeir voru að fara niður um hádegð, hafi stefnandi ákveðið að kanna ástand efsta stigans í umræddu stigahúsi. Hafi hann beðið Sigþór, sem þá hafi verið kominn niður á aðra hæð, að fylgjast með sprungunni neðan frá, um leið og stefnandi gengi út á stigann. Hefði það þá engum togum skipt, að stiginn brast undan stefnanda og braut í fallinu niður tvo stiga. Féll stefnandi niður allar þrjár hæðirnar, u. þ. b. 8 metra fall, og lenti á kjallaragólfi við hlið stigabrotanna. Við slysið rotaðist stefnandi og varð auk þess fyrir öðrum áverkum. Var hann fluttur á sjúkrahúsið á Selfossi og skömmu síðar á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

Í máli þessu sækir stefnandi stefndu um bætur fyrir fjárhagstjón og miska vegna þeirra líkamsmeiðsla, er hann telur sig hafa orðið fyrir vegna umrædds slyss.

III.

Í skýrslu Hergeirs Kristgeirssonar rannsóknarlögreglumanns, sem liggur frammi í málinu, segir svo: „Húsið Háengi 2 er þriggja hæða fjölbýlishús í smíðum. Búið er að steypa húsið upp og verið að gera yfir það. Er þetta einn stigagangur af þremur í samfelldri byggingu, Háengi 2, 4 og 6, og hinn síðasti, sem gerður er. ... Svo sem áður segir, er húsið þrjár hæðir, og eru tveir stigar milli hæðanna, en pallur á milli. Hver stigi, sem er átta þrep, er steypur sérstaklega og síðan felldur í gróp í plötunum. Þessir stigar eru

járnbundnir með tveimur „mottum“ af 6 mm stálteinum, sem eru með möskvastærð sem næst 15×15 sm.“

Samkvæmt gögnum málsins var smíði á stigum í umrætt fjölbýlishús, þar á meðal þess, sem hér um ræðir, þannig háttað, að í fyrstu var búið til sérstakt stálmót, sem stigarnir voru síðan steptir í. Lá mótið á flötum grunni, þannig, að þrepin vísuðu niður. Í mótið var síðan komið fyrir járn-mottu þeirri, sem lýst er hér að framan, og steypa því næst lögð í það.

Lögreglurannsókn fór á sínum tíma fram vegna slyss þess, sem hér er til umfjöllunar. Hafa rannsóknargögn verið lögð fram við meðferð málsins hér fyrir dómi. Rétt þykir að gera grein fyrir þeirri rannsókn að því marki, sem þýðingu hefur fyrir úrlausn málsins.

Stefnandi gaf skýrslu hjá lögreglu 17. september 1980. Er þar eftirfarandi m. a. bókað eftir honum: „Ég er búinn að vinna hjá Róbert Benediktssyni síðan fyrri hluta árs 1979. Hef ég unnið við byggingu fjölbýlishúsanna að Háengi 4 og 2. Skömmu eftir að ég hóf þarna störf, gerði ég stept „plan“ til þess að steypa stigana í fjölbýlishúsinu á. Stálmót fyrir tröppurnar var síðan sett á þetta „plan“ og járn lögð þar í og síðan stept. ... Ég setti sjálfur steypu í mótið einu sinni, en þá var búið að ganga frá járnunum í það, og ég veit ekki til þess, að til hafi verið teikning af því, hvernig þau ættu að vera, eftir að gerð var breyting á þeim frá upphaflegri teikningu. Ég varð fyrstur til þess að taka eftir tveimur sprungum í efsta stiganum og lét Róbert Benediktsson þá strax vita af því. Ég man ekki, hvenær það var, en það var skömmu áður en stiginn brotnaði. Það var strax talað um að setja undir stigann, og síðan átti að brjóta hann niður og steypa annan í hans stað. Þetta var ekki komið í verk, þegar óhappið varð sl. miðvikudag. ... Það skal tekið fram, að við vorum búnir að leggja tréstiga við hliðina á sprungna stiganum, til þess að ekki þyrfti að ganga eftir honum.“

Í framburðarskýrslu Sigþórs Haraldssonar, sem skráð er eftir honum strax sama dag og slysið varð, segir svo m. a.: „Ég er búinn að vinna hjá Róbert Benediktssyni síðan sl. vor og hef mikið unnið við bygginguna á Háengi 2. Í morgun var ég með Ármanni Ægi Magnússyni, og vorum við að klæða þakið undir járn. Fyrir nokkrum dögum urðum við varir við, að sprunga var komin í miðjan efsta stigann. Var sú sprunga á að gíska 8 mm, þar sem hún var breiðust. Neðar í stiganum var önnur minni sprunga. Þær náðu alveg yfir stigann þveran. Þegar við vorum að fara niður um hádegði í dag, var ég aðeins á undan Ármanni Ægi. Þegar hann var í efsta stiganum, kallaði hann til mín að fylgjast með sprungunni. Ég var kominn niður á 2. hæð og horfði upp. Þá hoppaði hann í stiganum, og brotnaði hann og féll niður og braut næstu tvo stiga fyrir neðan.“

Í framburðarskýrslu Sigurjóns Skúlasonar, sem skráð er daginn eftir slysið, segir svo: „Til hagræðis og til þess að stigarnir snerust ekki, var tekið það ráð að steypa „plan“ undir mótið og steypa síðan stigana á hvolfi, þannig, að tröppurnar sneru niður. Það er nú auðséð, að þá hafa járnin færst til í steypunni, en þau voru fest til endanna. Virðast þau hafa hreyfst, strax eftir að komið var fram hjá fyrstu tröppu frá enda, og þá lagst niður undir kverkarnar. ... Skömmu eftir að stiginn var settur upp, kom í ljós sprunga yfir hann þveran, rétt um miðju. Róbert var búinn að biðja Ármann Ægi að setja stífu undir hann, en það hafði ekki komist í verk. Gæti ég trúað, að sprungan hafi verið hér um bil einn og hálfur sentímetri, þar sem hún var breiðust. Hægt var að koma fingri þar upp í.“

Á grundvelli bréfs ríkissaksóknara, dags. 30. desember 1980, var leitað umsagnar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um það m. a., hvort telja mætti hrun stiganna stafa að einhverju leyti af því, að forsteyptir stigar væru almennt ótraustir, og hvort og þá að hvaða leyti aðferð þeirri, sem notuð var við að steypa stigana, kynni að hafa verið áfátt. Í svarbréfi Hákonar Ólafssonar yfirverkfræðings segir m. a.: „Rétt hannaðir og útfærðir forsteyptir stigar veita almennt sama öryggi og steyptir stigar á staðnum. Ef mistök verða, eins og í umræddu tilviki, geta afleiðingarnar orðið alvarlegri, þar sem stigarnir hvíla aðeins á stigapöllum eða plötum til enda, en eru ekki fast tengdir þeim, og detta því niður, ef þeir brotna. Járnalögn og steypu stiganna hefur verið áfátt að því leyti, að rétt staðsetning járna var ekki tryggð. Skv. þeim gögnum, sem undirrituðum hafa borist, telur hann líklegt, að þegar steyp var í stigamótin á hvolfi, hafi járngrindin færst til og svignað niður. Hætta á þessu hefur aukist við það, að notuð voru 5–6 mm járn í stað 10 mm, eins og sýnt er á teikningu.“

IV.

Stefnandi telur stefndu Róbert og Guðjón bera fulla fébótaábyrgð á tjóni sínu. Ljóst sé, að þegar umrætt slys varð, hafi stefnandi verið að kanna ástand stigans. Fram komi í gögnum málsins, að járnalögn og steypu stiganna hafi verið áfátt að því leyti, að rétt staðsetning járna hafi ekki verið tryggð. Vísar stefnandi þar um til þess, að stigamót hafi verið á hvolfi, þegar steyp var í þau. Við það hafi járnagrindin færst til eða svignað niður. Sé það álit byggingarfróðra manna, að ástæða þess, að sprungur mynduðust í umræddum stiga, sé sú, að járnabindingar hafi ekki verið á réttum stað í steypunni. Við það að steypa í mótin á hvolfi hafi járnammottan færst inn að kverk hvers stigabreps.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að samkvæmt upphaflegum

teikningum hafi verið ákveðið, að í stigum skyldu vera 10 mm járn. Hins vegar hafi verið notuð 5–6 mm járn, svokallaðar stálmottur. Hafi það aukið hættuna á því, að járnabindingin svignaði undan steypunni og staðsetning járna í henni yrði þar með ekki rétt. Þá hafi þessi breyting á járnalögn ekki verið umreiknuð eða teiknuð sérstaklega, og úttekt á járnalögninni hafi ekki farið fram.

Eins og áður segir, var stefnandi eftir slysið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Samkvæmt vottorði Grétars Guðmundssonar taugalæknis, dags. 6. janúar 1983, en þar er vitnað til læknaþréfs frá skurðlækningadeild Borgarspítalans frá 17. september 1980, var stefnandi við komuna á Borgarspítalann vakandi og „áttaður“, en kúgaðist og kastaði upp. Var hann með skrapsár yfir hægri gagnauga, og þar og niður á hægri kinn var stórt mar. Þá var hann marinn á við og dreif á útlimum, sérstaklega á vinstri öxl, og geysimikið mar var á vinstri hendi. Ekki fundust merki um skaða á taugakerfi. Röntgenmyndir af höfði, hálsliðum og vinstri öxl sýndu ekki brot. Röntgenmyndir af vinstri hendi sýndu mikla mjúkartabólgu og hálf-mánalagaðan beinflaska. Röntgenmyndir af andlitsbeinum sýndu aukna þéttingu í hægri kjálkaholu, sem talin er stafa af blæðingu í kjálkaholuna. Þó sáust ekki merki um brot á andlitsbeinum. Í vottorði þessu kemur fram, að stefnandi hafi að flestu leyti náð sér fljótt og vel eftir slysið með þeirri undantekningu, að eftir slysið hafi hann nánast haft stöðugan höfuðverk. Hafi þessi höfuðverkur verið þrálátastur á áverkastaðnum hægri megin, en stundum í öllu höfðinu, og hindrað stefnanda í vaxandi mæli í starfi og félagslífi. Að áliti læknisins er augljóst samband á milli höfuðáverka þess, er stefnandi varð fyrir við umrætt slys, og þessara höfuðkvala.

Þá liggur frammi í málinu vottorð, sem skráð er af Grétari Guðmundssyni lækni 20. apríl 1989. Þar kemur fram, að stefnandi hafi að mestu náð sér vel eftir umrætt slys, ef frá sé talinn „krónískur“, breytilegur, en oft mjög slæmur höfuðverkur, sem sé verstur og þrálátastur hægri megin í höfði framan til. Margs konar meðferð hafi ekki borið árangur. Tölvusneiðmyndir frá árunum 1984 og 1988 sýni æxlisvöxt í höfði hægri megin framan til, miðlægt, neðan og aftan við auga. Í vottorði þessu segir enn fremur, að mjög ýtarleg mjúkvefjameinafræðileg rannsókn í fjórum löndum á vefjasýnum frá æxlinu bendi til þess, að æxlisvöxturinn sé líklegast afleiðing áverka, þó að það sé engan veginn fullsannað. Þessi veikindi hafi haft mikil áhrif á daglegt líf stefnanda og fjölskyldu hans, bæði vinnu og tómstundir. Lokaniðurstaða Grétars Guðmundssonar læknis í vottorði þessu er sú, að þau einkenni, sem rakin hafa verið hér að framan og byrjuðu eftir slysið 10. september 1980, séu af völdum æxlis, sem líklega sé af völdum áverka, og

þá langlíklegast, að sá áverki hafi hlotist af höfuðhöggi, sem stefnandi varð fyrir við greint vinnuslys, enda hafi greinileg áverkamerki verið hægra megin á og í höfði strax eftir slysið samkvæmt skoðun læknis og röntgenlýsingu. Hvað varði frumugerð, sé um góðkynja æxli að ræða, en staðsetning þess sé afleitt og hindri lækningu.

Samkvæmt greinargerð Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, dags. 23. mars 1983, mælast veilir í skapgerð stefnanda og einkenni um taugaveiklun. Tekið er fram, að ekki sé hægt að sýna fram á bein tengsl við slysið, en hugsanlegt sé, að greind einkenni hafi magnast af þess völdum.

Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar læknis, dags. 30. júní 1989, telst stefnandi hafa verið 100% öryrki í fjóra mánuði eftir slysið, síðan 75% öryrki næstu fimm mánuði, en síðan 50% varanlegur öryrki. Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar frá 18. apríl 1983 var varanleg örorka stefnanda hins vegar metin 15%. Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda. Er þar stuðst við örorkumat Björns Önundarsonar frá 30. júní 1989 og eitt skattframtal, en jafnframt tekið fram, að samkvæmt beiðni lögmanns stefnanda hafi við örorkutjónsútreikning verið lagt til grundvallar, að stefnandi væri sveinn í trésmíði. Með hliðsjón af þessu eru tekjur stefnanda áætlaðar jafnar meðaltekjum iðnaðarmanna. Nemur örorkutjón stefnanda samkvæmt útreikningi Jóns Erlings 4.086.000 krónum.

Þá krefur stefnandi stefndu Róbert og Guðjón um miskabætur, að fjárhæð 700.000 krónur.

Viðurkenndur er frádráttur, að fjárhæð 123.125,60 krónur, vegna greiðslna úr atvinnuslysatryggingu, sem stefnandi fékk 18. maí 1983 og 12. desember 1989.

Stefnukrafa málsins er allmiklu hærri en nemur útreikningi á fjárhagslegu tjóni stefnanda að viðbættum miskabótum. Styður stefnandi þá tilhögun við 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Er þar höfð í huga möguleg hækkun á kröfu stefnanda í samræmi við endurútreiknað fjárhagslegt tjón hans eða nýtt örorkumat, eins og það kann að verða undir rekstri málsins hér fyrir dómi og Hæstarétti, ef til þess kemur.

Um lagarök vísar stefnandi til IV. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Krafa stefnanda um málskostnað styðst við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936. Um vaxtakröfu vísar stefnandi til ákvæða vaxtalaga, einkum 10. og 12. gr.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að stefnandi sjálfur verði að teljast bera fulla ábyrgð á slysinu vegna eigin sakar, enda verði slysið einungis rakið til atferlis hans sjálfs. Með öllu hafi verið óverjandi af stefn-

anda, sem sé lærður trésmiður, að ganga út á steypu þrepinn og hoppa í þeim til að kanna, hvað þau þyldu. Fyrir hafi legið, að öll umferð um stigann væri bönnuð og að reistur hefði verið sérstakur tréstigi fyrir starfsmenn til að nota í stað hins steypa.

Þá sé til þess að líta, að stefnandi hafi ekkert erindi átt út á stigann, þegar slysið varð; honum hafi ekki verið falið að kanna styrk stigans, sem féll, heldur virðist sem stefnanda hafi sjálfum dottið í hug að kanna það, þegar hann átti leið þarna um í hádegismat. Stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að stigin væri stórhættulegur og vítavert að ganga út á hann til að prófa, hvað hann þyldi, án þess að gera fyrst fullnægjandi öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir, að slys hlytist af. Stefnandi hafi samkvæmt þessu sýnt af sér svo stórfellt gáleysi, þegar slysið varð, að fébótaábyrgð á slysinu verði hann sjálfur að bera óskipt.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að fyrir liggi samkvæmt fram lögðum læknisvottorðum, að ekki sé beint og óyggjandi samband milli slyssins og afleiðinga þess, þótt líkur á því séu nokkrar.

Loks er krafa um sýknu á því reist, að í stefnu sé málsókn beint gegn öllum stefndu, en þar sé því hins vegar haldið fram, að stefnandi hafi starfað hjá Róbert Benediktssyni persónulega. Þessu sé aftur breytt í greinargerð, og sé stefndi þar talinn hafa starfað hjá R. Benediktssyni sf. Með málshöfðun, sem í stefnu sé grundvölluð á því, að stefnandi hafi unnið hjá Róbert Benediktssyni einum, sé óhugsandi, að stefnandi eigi lögvarða kröfu á hendur stefndu, þar sem stefnandi hafi í raun starfað hjá annarri lögpersónu. Beri af þessari ástæðu að sýkna alla stefndu.

Af hálfu stefndu er vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt. Umrætt slys hafi orðið fyrir rétt tæpum tíu árum og stefna birt um það bil einum mánuði áður en bótakröfur fyrntust. Einungis sé hægt að krefjast vaxta, frá því er stefna var birt, en eldri vextir séu fyrndir.

V.

Við aðalmeðferð máls þessa gáfu skýrslur fyrir dómi stefnandi, stefndi Róbert Benediktsson, Sigþór Haraldsson húsasmiður, Sigurjón Skúlason trésmiður og Sigurjón Erlingsson múraramestari.

Í skýrslu stefnanda kom fram, að hann hefði vitað um umrædda sprungu. Stigin hafi hins vegar verið genginn eftir sem áður, og talsverður efnisflutningur hafi verið um hann. Þá kvaðst stefnandi sjálfur hafa sett tréstiga við hlið sprungna stigans. Það hafi hann gert að eigin frumkvæði. Spurður kvaðst stefnandi minnst þess, að vinnufélagar sínir hefðu sagt sér, að hann hefði hoppað í stiganum í umrætt sinn. Sjálfum fannst honum hins vegar ólíklegt, að hann hefði gert það.

Stefndi Róbert Benediktsson hélt því fram fyrir dómi, að hann hefði bannað allan umgang um stigann, eftir að sprungan uppgötvaðist. Það bann hefði náð til stefnanda eins og annarra starfsmanna. Þá kvaðst stefndi ekki hafa trú á, að stiginn hefði verið genginn eftir þetta.

Vitnið Sigurjón Skúlason segir í skýrslu sinni fyrir dómi, að menn hafi verið farnir að efast um þennan stiga og hætta hafi stafað af honum. Annar stigi, tréstigi, hafi því verið settur við hlið sprungna stigans. Þá kvaðst vitnið hafa heyrt talað um það, að stefnandi hefði hoppað í stiganum skömmu áður en hann hrundi.

Vitnið Sigþór Haraldsson sagði fyrir dómi, að umrætt sinn hefði stefnandi gengið út á hinn sprungna stiga með það í huga að kanna styrk hans. Kvaðst vitnið ekki hafa séð til stefnanda, og það sé rangt, sem skráð hafi verið eftir því við rannsókn málsins hjá lögreglu, að stefnandi hafi hoppað í stiganum. Vitnið hefði að minnsta kosti ekki séð það. Hins vegar kemur fram hjá vitninu, að það telji stefnanda hafa sagt, að hann ætlaði að „dúa sér í stiganum“.

Ekki þykir ástæða til að rekja frekar framburð aðila og vitna fyrir dómi.

VI.

Stefnandi máls þessa lauk námi í trésmíði árið 1974 eða 1975. Hann var 28 ára, þegar hann varð fyrir slysi því, sem hér er um fjallað.

Því er áður lýst, hvernig staðið var að smíði og uppsetningu stiga í umræddu fjölbýlishúsi. Telja verður, að stefnanda hafi verið kunnugt um, hvernig því verki var háttað. Við smíði þess stiga, sem hér er ræðir, urðu að líkindum þau mistök, að rétt staðsetning járnalagnar var ekki tryggð. Verður að telja þá missmíði meginorsök þess, að sprunga, sem samkvæmt gögnum málsins var um það bil 1 cm á breidd, myndaðist eftir stiganum þverum. Stefnandi vissi um þessa sprungu. Þrátt fyrir þá vitneskju hans og annarra starfsmanna bendir margt til þess, að um stigann hafi verið gengið, eftir að sprungan uppgötvaðist, en menn greinir þó á um þetta atriði. Allt um það er ljóst, að fyrirhugað var að slá undir stigann, og skyldi hann síðan brotinn niður. Þá er upplýst, að áður en slysið varð, hafi tréstiga verið komið fyrir við hlið sprungna stigans.

Fyrir liggur, að umrætt sinn gekk stefnandi út á hinn sprungna stiga í því skyni að kanna ástand hans. Þegar gögn málsins eru virt, þykir bera að leggja til grundvallar við úrlausn þess, að við þessa athugun sína hafi stefnandi viðhaft einhverja þá aðferð, sem ekki gat talist forsvaranleg, svo sem á stóð. Stefnandi hefur sjálfur skýrt svo frá, að hann hafi ekki haft með höndum verkstjórn á vinnusvæðinu. Þá hefur hann ekki verið falið þetta verkefni af byggingameistara hússins eða starfsmanni hans. Verður umrætt slys í

öllum meginatriðum rakið til athafnar stefnanda, sem talin verður óþörf og utan við starfsskyldur hans.

Þegar litið er til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir stefnandi eiga slíka sök á því slysi, sem þarna varð, að hann verði að bera tjón sitt sjálfur. Verða stefndu því sýknaðir af dómkröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast 200.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Róbert Benediktsson og Guðjón Jónsson persónulega og vegna R. Benediktssonar sf., eru sýknaðir af dómkröfum stefnanda, Ármanns Ægis Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.
